

**30. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
13. janúar 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1512115 - Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu 2016**

Lögð fram tillaga að breytingum á gjaldskrá og tekjumörkum félagslegrar heimaþjónustu fyrir árið 2016 sbr. samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs á 8. fundi þess þann 18. febrúar 2015. Helstu breytingar eru hækkun gjalda um 3,2% sbr. ákvörðun bæjarstjórnar um almennar gjaldskrárhækkanir, hækkun tekjumarka um 9,7% til samræmis við hækkun framfærsluviðmiða Tryggingastofnunar, fækkun gjaldflokka fyrir heimaþjónustu úr þremur í tvo, þannig að lægsti gjaldflokkur fellur út og nýtt ákvæði um gjald fyrir heimsendingu matar.

*Laufey Jónsdóttir sat fundinn undir þessum lið.*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu fyrir árið 2016 og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs.*

**2. 1511301 - Trúnaðarmál**

**3. 1505095 - Trúnaðarmál**

**4. 1512172 - Endurnýjun samnings um þjónustusvæði Vesturlands í málefnum fatlaðra**

Í bréfi frá 11. desember 2015, óskar Páll Brynjarsson, fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), eftir aftstöðu Akraneskaupstaðar til endurnýjunar samstarfssamnings um þjónustusvæði Vesturlands í málefnum fatlaðra.

*Velferðar- og mannréttindaráð hefur hafið undirbúning umóknar um undanþágu frá viðmiðum um lágmarksíbúafjölda þjónustusvæðis í málefnum fatlaðra.*

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að samningurinn um þjónustusvæði verði framlengdur óbreyttur þar til niðurstaða ráðherra er fengin varðandi undanþágu með möguleika á slítum samningsins fáist jákvæð niðurstaða.*

**5. 1512143 - Trúnaðarmál**

Umsókn til velferðar- og mannréttindarráðs

**6. 1511210 - Starf búsetuþjónustu - forstöðumaður**

Sviðsstjóri upplýsti um stöðu mála varðandi ráðningu í starf forstöðumanns búsetuþjónustu og starfslok fráfarandi forstöðumanns.

**7. 1512141 - Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga - endurmat**

Umræður um efni umræðu- og upplýsingafundar um endurmat á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

*Velferðar- og mannréttindaráð fagnar því að náðst hafi samkomulag um fjármögnun verkefna í málefnum fatlaðs fólks.*

**8. 1508155 - Biðlisti eftir búsetu fatlaðra 2015**

Lögð fram drög að minnisblað sviðsstjóra um umsóknir um búsetuúrræði fyrir fatlaða á vegum Akraneskaupstaðar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Vilborg Þ. Guðbjartsd.  
Einar Þ. Brásson  
Gunnur W. P.  
Fuglögur Þ. Guðadóttir  
þu Hróa